



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um stoppistöð strætó við Esjuna.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 11. janúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar, eftir atvikum í samstarfi við Vegagerðina, svo koma megi fyrir stoppistöð/bíðstöð fyrir Strætó bs. við Esjuna. Mikill fjöldi fólks heimsækir Esjuna daglega sér til heilsubótar og útivistar. Jafnframt eru til skoðunar áform um uppbyggingu Esjuferju á svæðinu sem mun kalla á töluverða aukningu heimsókna á svæðið. Mikilvægt er að þetta fjölsótt og vinsæla útivistarsvæði verði gert aðgengilegt fyrir alla fararmáta.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 1. febrúar 2023.

Umsögn:

Esjan er ein af náttúruperlum Reykjavíkur og fjölsótt útivistarsvæði. Tekið er undir það að æskilegt er að tengja útivistarsvæði við Esjurætur betur með almenningsamgöngum við höfuðborgarsvæðið. Í dag gengur leið 29, sem er pöntunarþjónusta milli Kjalarness og Mosfellsbæjar, að Esjurótum.

Landsbyggðarstrætó er rekinn af Vegagerðinni en samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er ekki á áætlun að gera bíðstöð við Esjuna. Áður en bíðstöð yrði opnuð þyrfti að bæta aðstæður verulega, bæði við stöðina sjálfa sem og við Vesturlandsveg.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri